

1863.

18. septbrn.

sem þær hafið tilgreint og með tilliti til þess, sem dómsmála-  
stjórninni á annan hátt er kunnugt orðið um skort þann, sem  
er á læknishjálpi í hinu nyrðra læknishéraði vesturumdæmisins,  
felur stjórnarráðið yður hérmeð á hendur að setja tæðan Þorvald  
Jónsson fyrir héraðslækni í læknishéraði þessu, jafnskjótt og  
hann hefir lokið prófinu í læknisfræði, með þeim kjörum, að  
hann frá þeim degi, er hann tekur við embættinu, fái  
full embættislaun, ásamt launaviðbót þeirri, sem ákveðin er í  
lögum 19. janúarmán. þ. á., og launaviðbót eptir kornverði,  
svo og húsaleigustyrk þann, er embættinu fylgir.

Því skal enn við bætt, að dómsmálastjórnin hefir í dag  
skýrt amtmanninum í Vesturumdæminu frá þessu, en stjórn-  
arráðið vonast eptir að fá frá yður skýrslu um, hvað gjört  
verður í þessu efni.

## 78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 18. septbrn. yfir Íslandi, um fjárkláðamálið á alþingi.

Í 43. blaði „Þjóðólfs“, er út kom í Reykjavík 25. f. m.  
og dómsmálastjórninni hefir borizt í hendur, segir, að alþingi  
Íslendinga hafi á fundi þess, sem nýlega er afstaðinn, til svars  
upp á nokkrar bænarskrár úr Kjósar- og Gullbringusýslu, gefið  
út prentað umburðarbréf til íbúanna í sveitunum, þar sem  
fjárkláðinn er; hefir stjórnarráðinu undir hendinni verið sent eitt  
af bréfum þessum, og skýrir alþingi þar frá, að það hafi í  
öllum aðalatriðunum fallizt á frumvarp það, er stjórnin lagði  
fyrir þingið, um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjár-  
kláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi, og laut að  
því, að útrýma skyldi fjárkláðanum einungis með lækningum,  
og lætur jafnframt í ljósi þá von sína, að takast muni með  
lagaböði þessu að útrýma algjörlega sýki þeirri, sem hér er  
um rætt; en þrátt fyrir þetta skorar þingið innilega á íbúana  
í sveitum þeim, sem hlut eiga að máli, að íhuga vandlega,  
hvort ekki mundi vera hagfelldara og kostnaðarminna að gjöra  
samkomulag um að skera niður allt fê í þessum sveitum nú í



1863.  
18. septbrn.

haust, heldur en að bíða eftir því, að beitt verði hinu fyrirhugaða lagaboði, og fullyrðir um leið, að nokkrir af alþingismönnum hafi heitið því, að bændur í sjúku og grunuðu hærðunum skyldu úr þeirra kjördæmum fá fyrir sanngjarnt verð eins margt fê og þeir þyrftu, jafnskjótt og þeir förguðu öllu fê sínu í tækan tíma með niðurskurði.

En það er auðsætt, að slík aðferð frá þingsins hálfu lægi fyrir utan stöðu þess og verkahring, og hlaut hún því fremur að vekja furðu, sem hún yrði beinlínis að koma í bága við það, að alþingi aðhylltist í öllu verulegu fyrgreint lagafrumvarp stjórnarinnar, sem fer í gagnstæða átt við það, sem þingið kvað hafa ráðið mönnum til í umburðarbréfi því, sem „Þjóðólfur“ segir, að út hafi komið frá þinginu; og þaræð það eftir stjórnarráðsins áliti bersýnilega mundi hafa hinar skaðlegustu afleiðingar fyrir sveitir þær, sem hlut eiga að máli, ef svo væri að farið, sem hér er um rætt, og skorið að nauðsynjalausu niður allt sauðfê í Kjósar- og Gullbringusýslu og nokkrum hluta Borgarfjarðar sýslu, er íbúar héraða þessara mundu með því móti verða fyrir þeim hnekki á aðalatvinnuvegi þeirra, að þeir mundu eigi um langan tíma bíða þess bæturs, þá hefir dómsmálastjórnin álitið skyldu sína að ráða mjög fastlega frá þessu skaðvænlega og óþarfa tiltæki.

Ef svo er, að slíkt umburðarbréf, sem nú var greint, sê út gengið frá alþingi, eruð þær, herra stiptamtmaður, beðnir, að segja hlutaðeigandi embættismönnum fyrir svo sem þörf er á, samkvæmt því, sem að framan er tekið fram, svo og að birta almenningi efni bréfs þessa.

30. septbrn. **79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra sýslumanna á Íslandi og til bæjarfógetanna í Reykjavík og á Akureyri, um verzlunarskýrslur.**

Það er í ýmsu tilliti áriðandi, að til sêu nákvæmar og áreiðanlegar skýrslur um verzlunina á Íslandi, en verzlunarskýrslum þeim, sem að undanförmu hafa tilbúnar verið sam-